

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

13. feb. 2015

**EFNI: Athugasemdir við þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þingskjal 392.**

Athygli Vatnajökulsþjóðgarðs á þessu þingmáli er nývakin og þess vegna berst umsögnin seint. Vatnajökulsþjóðgarður vill koma eftirfarandi á framfæri:

a) *Um samráð við gerð tillögunnar.*

Athugasemd er gerð við það að mál, sem m.a. snerta vernd landslags og víðerna séu ekki send stofnuninni til umsagnar með formlegum hætti. Í því sambandi má ítreka að Vatnajökulsþjóðgarður spannar alls um 14.000 km<sup>2</sup>, tæp 14% landsins alls og ríflega þriðjung miðhálandisins.

b) *Um lagningu raflína í jörð eða í lofti innan þjóðgarða.*

Í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 segir um markmið garðsins:

*Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.*

Í framkominni þingsályktunartillögu kemur fram í 4. tl. greinar 1.3, að ef línuleið sé fyrirhugað innan þjóðgarðs, verði metið hverju sinni hvort nota eigi jarðstrengi eða loftlínur.

Í þessu samhengi vill þjóðgarðurinn minna á að öllu mannvirkjagerð innan þjóðgarðsins er háð ákvæðum Stjórnunar- og verndaráætlunar garðsins, sbr. 13. gr. í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, sem tekur á réttaráhrifum verndaráætlunarinnar. Ennfremur er það í hróplegri mótsögn við friðlýsingu þjóðgarða að skerða útivistarmöguleika og draga úr verndargildi svæða með jafn umfangsmikilli mannvirkjagerð og raflínur í lofti eru.

*Því er augljóst að fyrrgreindur töluliður þarfnast endurskoðunar.*

c) *Um val á línuleiðum.*

Í 1. tl. í grein 1.5 er rætt sérstaklega um að forðast skuli sem kostur er röskun á friðlýstu svæði og svæða sem njóta sérstakrar verndar.

Að mati þjóðgarðsins þarf að styrkja þetta ákvæði til muna. Aftur skal vísað í 13. gr. í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, að allar framkvæmdir innan garðsins eru háðar ákvæðum Stjórnunar- verndaráætlunar þjóðgarðsins. Ennfremur skal á það bent að þó svæðið falli ekki innan skilgreindra marka garðsins geta mannvirki í nágrenni hans rýrt gildi hans sé ekki rétt að málum staðið. Sveitarfélög sem land eiga að þjóðgarðinum hafa í auknum mæli tekið það til greina í

sinni skipulagsgerð. Í ofangreindu ákvæði þingsályktunartillögunar væri því eðlilegt að setja upp forskrift að samráði við þá aðila sem fara með stjórn friðlýstra svæða og þjóðgarða, þegar eða ef hugmyndir eru um breytingar eða nýbyggingu raflína á svæðunum sjálfum eða á nærsvæði þeirra.

*d) Um sjónræn áhrif*

Í 2.tl. í grein 1.5 er sett fram stefnumið um að draga sem kostur er úr sjónrænum áhrifum af lagningu raflína. Þessu ber að fagna.

Vatnajökulsþjóðgarður vill benda á að sjónræn áhrif mannvirkja eru afar mikilvægur þáttur í upplifun margra þeirra sem fara um íslenska náttúru, hvort sem er innan Vatnajökulsþjóðgarðs, annarra friðlýstra svæða eða um marga aðra einstaka staði í náttúru landsins.

Það er því mikilvægt að við mat á leiðum fyrir raflínur í lofti, að þá verði sterkt að orði kveðið í þingsályktuninni um að forðast beri sjónræn áhrif í nágrenni þjóðgarða, friðlýstra svæða og annarra mikilvægra staða í náttúru landsins.

Virðingarfyllt

f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs

Þórður H. Ólafsson  
framkvæmdastjóri